



# Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Heiðarvegi 15, 900 Vestmannaeyjar • www.syslumenn.is • vestmannaeyjar@syslumenn.is • kt.490169-7339 • 458 2900

## Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í undæmi sýslumannsins í Vestmannaeyjum fyrir forsetakosningar hinn 27. júní 2020

### Atkvæðagreiðsla á skrifstofu sýslumanns

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst mánudaginn 25. maí 2020. Unnt verður að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá embætti sýslumannsins í Vestmannaeyjum á opnunartíma sýsluskrifstofu frá klukkan 09:30 til 15:00.

Síðustu viku fyrir kosningar (frá og með 20. júní til og með 26. júní) verður opnunartími sýsluskrifstofu vegna atkvæðagreiðslu utan kjörfundar lengdur til klukkan 17:00.

Á kjördag (laugardaginn 27. júní) verður unnt að greiða atkvæði utan kjörfundar á sýsluskrifstofu í Vestmannaeyjum milli klukkan 10:00 og 12:00.

### Ábyrgð á atkvæði

Athygli er vakin á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæðisbréfi sínu til skila og ber af því kostnað, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar, sbr. 2. mgr. 65. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst.

### Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi

Þeir sem ekki eiga heimangengt til að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms eða fötlunar, skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi til embættisins, **fyrir klukkan 16:00 fjórum dögum fyrir kjördag, þ.e. 23. júní 2020.**

Umsóknareyðublað er hægt að nálgast hjá embættinu og á vefsíðunni [www.kosning.is](http://www.kosning.is).

### Kosning á sjúkrastofnunum

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar verður haldin á dvalarheimili aldraðra **Hraunbúðum þriðjudaginn 9. júní kl. 14:00** og á sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum **HSU þriðjudaginn 16. júní klukkan 14:00.**

Kjósendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki til atkvæðagreiðslu til að sanna á sér deili.

Upplýsingar um atkvæðagreiðslur, aðrar upplýsingar og eyðublöð vegna komandi kosninga má nálgast á vefsíðunni [www.kosning.is](http://www.kosning.is).

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum  
18. maí 2020